

Ráðgjöf og þjónusta við skjólstæðinga Sjúkratrygginga Íslands um TENA þvaglekavörur

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) eru með samning við Rekstrarvörur (RV) um að skírteinishafar sem eiga rétt á hjálpargögnum snúi sér beint til RV til þess að fá afgreiddar bleiur og tengd hjálpargögn, með greiðslupátttöku SÍ. Heimsendingarþjónusta er skjólstæðingum SÍ að kostnaðarlausu.

Þeir sem ekki eru komnir með skírteini frá SÍ geta keypt TENA þvaglekavörur á effirtöldum stöðum:

- Rekstrarvörur vefverslun; RV.IS
- Verslun RV, Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík
- Öll helstu apótek landsins

Þeir sem eiga rétt á skírteini frá SÍ þurfa að sækja um það í samráði við lækni:

Sjá nánar: <http://www.sjukra.is/lyf-og-hjalpartaeki/hjalpartaeki/sott-um-hjalpartaeki/>

Skírteinið tryggir skjólstæðingum 90% greiðslupátttöku í samningsvörum SÍ.

Þegar skírteinið er komið geta skjólstæðingar SÍ og aðstandendur þeirra komið til RV, fengið faglega og persónulega aðstoð ásamt ráðleggingum um TENA þvaglekavörur.

Hjúkrunarfræðingur RV og aðrir sérhæfðir starfsmenn í þjónustuveri RV, með margra áratuga reynslu í ráðgjöf og umönnun, sjá um fræðslu og aðstoð við einstaklinga um val á réttum þvaglekavörum.

Hjúkrunarfræðingur RV er með viðtalsherbergi þar sem hægt er að ræða þarfir hvers og eins í ró og næði. Einnig geta skjólstæðingar SÍ fengið sýnishorn af hjálpargögnum, upplýsingabæklinga og fleira.

TENA bæklingur fyrir skjólstæðinga S.Í.

Sérhæft sölufólk RV tekur einnig á móti pöntunum og afgreiðir sýnishorn alla virka daga frá kl. 8 - 16.

Nánari upplýsingar í síma 520 6666 eða með því að senda tölvupóst til hjukrun@rv.is

Einstaklingar með þvagleka og aðstandendur þeirra geta einnig óskað eftir því að fá sýnishorn send í pósti.

Húsnæði RV að Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík er aðgengilegt fyrir fatlaða.

